

## SAMÞYKKT

### um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjöld, stofngjöld og önnur þjónustugjöld tengd skipulagi og framkvæmdum í Kópavogsbæ.

#### I. KAFLI

#### Byggingarleyfisgjald, stofngjald vatns- og fráveitu og önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld umhverfissviðs.

##### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Við útgáfu byggingarleyfa, stöðuleyfa, vottorða, deiliskipulagsbreytinga, framkvæmdaleyfa eða vegna annarrar þjónustu sem umhverfissvið Kópavogsbæjar veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

Heimilt er að taka gjald fyrir veitta þjónustu og verkefni umhverfissviðs, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, útgáfu byggingarleyfis, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna, breytingar á aðal- og deiliskipulagi, útgáfu framkvæmdaleyfa og vottorða sem byggingarfulltrúi lætur í té skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagsfulltrúi skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

##### 2. gr.

##### *Byggingarleyfisgjald.*

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi/-heimild er gefið/gefin út fyrir.

Byggingarleyfisgjald er grunngjald að viðbættu gjaldi pr. m<sup>3</sup> byggingar.

Byggingarleyfisgjald skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

##### *Þjónusta.*

Lágmarks afgreiðslugjald við móttöku umsóknar

14.600 kr.

Rúmmetragjald fyrir öll hús

144 kr./m<sup>3</sup>

##### 3. gr.

##### *Byggingarréttargjald.*

Greiða skal byggingarréttargjald af úthlutuðum lóðum í landi Kópavogsbæjar. Á þróunar- og þéttingarreitum skal semja um byggingarréttargjald sérstaklega áður en framkvæmdir hefjast. Almenn byggingarréttargjald skal greitt eftir tegund húsnæðis sem hér segir:

##### *Tegund húsnæðis.*

Einbýlishús

34.537 kr./m<sup>2</sup> húss

Raðhús, parhús, tvíbýlishús og keðjuhús

37.414 kr./m<sup>2</sup> húss

Fjölbýli

46.048 kr./m<sup>2</sup> húss

Fjölbýli í vesturbæ

57.560 kr./m<sup>2</sup> húss

Atvinnuhúsnæði

11.512 kr./m<sup>2</sup> lóðar

Hesthús á Kjóavöllum

3.885 kr./m<sup>2</sup> lóðar

Annað húsnæði

11.512 kr./m<sup>2</sup> lóðar

##### 4. gr.

##### *Tengigjald fráveitu.*

Tengigjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við fráveitu í eigu Kópavogsbæjar. Skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og vera sem hér segir:

Tvöföld lögn að lóðarmörkum 150 mm

455.000 kr./lóð

Gert er ráð fyrir einni tengingu á hverja lóð. Óski lóðarhafi eftir fleiri tengingum eða stærri lögn en 150 mm greiðist það skv. raunkostnaði. Við framkvæmdir í grónum hverfum þar sem tenging er ekki til staðar, aðstæður erfiðar sökum þrengsla eða lagnalegu, greiðir lóðarhafi raunkostnað við tengingu við fráveitukerfi.

## 5. gr.

*Stofngjald vatnsveitu.*

Tengigjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við vatnsveitu í eigu Kópavogsbæjar. Miðað er við eina lögn á hvert lóðarnúmer og að ídráttarrör hafi verið lagt af umsækjanda á frostfríu dýpi frá tengistað Kópavogsbæjar að inntaksstað. Skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og vera sem hér segir:

32 mm heimæðar - grunnjald (ídráttarrör skal vera 50 mm)	292.000 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	6.800 kr. pr. metra
40 mm heimæðar - grunnjald (ídráttarrör skal vera 63 mm)	423.500 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	9.650 kr. pr. metra
50 mm heimæðar - grunnjald	606.000 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	10.670 kr. pr. metra
63 mm heimæðar - grunnjald	869.000 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	11.700 kr. pr. metra
90 mm heimæðar - grunnjald	1.455.000 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	21.400 kr. pr. metra
110 mm heimæðar - grunnjald	1.850.000 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	30.000 kr. pr. metra

Um er að ræða almennt tengigjald á nýbyggingarsvæðum þar sem inntaksrými er samkvæmt skilmálum. Gjöldin bera ekki virðisaukaskatt. Stærri heimæðar en 110 mm eru gjaldfærðar samkvæmt raunkostnaði.

Við framkvæmdir á grónum svæðum og á þéttingarreitum þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði eða varanlegar og fullnægjandi veitulagnir eru ekki komnar að lóðarmörkum greiðir umsækjandi samkvæmt kostnaðaráætlun eða raunkostnaði. Séu gerðar breytingar á skipulagi húss frá samþykktum teikningum eða gildandi skipulagi greiðir umsækjandi allan viðbótarkostnað sem af breytingum kann að hljóta. Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi.

*Byggingarvatn.*

25 mm loki við lóðarmörk (grunnjald)	166.850 kr.
Daggjald	181 kr. pr. dag
Viðgerð eða breyting á tengingu	30.000 kr.

Byggingarvatn er ekki lagt né tengt á framkvæmdasvæði nema búið sé að greiða tengigjöld vatnsveitu.

## 6. gr.

*Úttektir og útgáfa vottorða.*

Fokheldisúttekt og fokheldisvottorð	45.500 kr.
Öryggisúttekt	45.500 kr.
Lokaúttekt	45.500 kr.
Endurtekin úttekt (ofangreindra liða)	22.700 kr.
Gjald pr. áfanga- og stöðuúttekt	13.700 kr.
Veðbókarvottorð vegna niðurrifs bygginga	2.300 kr.

## 7. gr.

*Stöðuskoðun.*

Einbýlishús, raðhús og tvíbýlishús	41.000 kr.
Fjölbýlishús, allt að 4 íbúðir	41.000 kr.
Fjölbýlishús, fimm íbúðir eða fleiri	57.500 kr.
Atvinnuhúsnæði og annað	57.500 kr.

## 8. gr.

*Stöðuleyfi.*

Stöðuleyfi fyrir gáma, 2-12 mánuðir	38.000 kr.
Stöðuleyfi fyrir stór samkomutjöld, 2-12 mánuðir	38.000 kr.

Stöðuleyfi fyrir hjólhýsi, 2-12 mánuðir	38.000 kr.
Stöðuleyfi fyrir báta, 2-12 mánuðir	38.000 kr.
Stöðuleyfi fyrir frístundahús í smíðum ætlað til flutnings, 2-12 mánuðir	38.000 kr.
Flutningsgjald vegna gáms sem þarf að fjarlægja	innheimt skv. reikningi

## 9. gr.

*Önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingar sem umhverfissvið Kópavogsbæjar veitir sem hér segir:

*Tegund þjónustu.*

Mælingargjald (fyrir allar byggingar) / mæling á lóð, húsi og greftri	71.000 kr.
Yfirferð eignaskiptasamninga:	
Eignaskiptayfirlýsing, umfangslítill - allt að 4 íbúðum	41.000 kr.
Eignaskiptayfirlýsing, umfangsmikil	62.500 kr.
Viðaukar/fylgiskjöl með eignaskiptayfirlýsingu	14.800 kr.
Endurtekin yfirferð teikninga (fleiri en þrjú skipti):	
Einbýlishús, raðhús og tvíbýlishús	14.800 kr.
Fjölbýlishús, allt að 4 íbúðum	23.000 kr.
Fjölbýlishús, fimm íbúðir eða fleiri	44.000 kr.
Atvinnuhúsnæði og annað	44.000 kr.
Leiga á garðlöndum	6.400 kr.
Leiga á skólagörðum	6.400 kr.
Leiga af bæjarlandi, afgreiðslugjald vegna umsóknar, almennt	14.800 kr.
Leiga af bæjarlandi, pr. fermetra á dag	500 kr.
Leiga af bæjarlandi með lokun á einni akgrein, á dag	16.500 kr.
Leiga af bæjarlandi með lokun á götu, á dag	27.000 kr.
Niðurtaka á kantsteini fyrir auka bílastæði	135.000 kr.
Niðurtaka á kantsteini fyrir auka bílastæði ef færa þarf ljósastaur eða rafmagnskassa	skv. reikningi
Gjald fyrir nýjan lóðarleigusamning, sem ekki er komin að endurnýjun	14.800 kr.
Gjald fyrir nýtt lóðar- og mæliblað vegna breytinga á deiliskipulagi	86.000 kr.
Gjald fyrir breytingar á lóðar- og mæliblaði	23.300 kr.
Geymslugjald fyrir rafhlaupahjól sem þarf að fjarlægja af bæjarlandi, pr. hjól	2.100 kr.

## 10. gr.

*Uppreiknuð gjöld.*

Gjöld samkvæmt 2.-5. gr. gjaldskrár þessarar miðast við byggingarvísitölu í ágúst 2022 (159,3 stig) sem uppreiknast mánaðarlega miðað við gildandi byggingarvísitölu.

## II. KAFLI

**Gatnagerðargjald.**

## 11. gr.

*Almenn heimild.*

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum við eldri byggingar, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum í Kópavogsbæ, skal greiða gatnagerðargjald til sveitarfélagsins samkvæmt samþykkt þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006.

## 12. gr.

*Gjaldskylda og lögveðsréttur.*

Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, er gjaldskyldur samkvæmt samþykkt þessari og ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forkaupsrétti fyrir hverju samningsveði og aðfaraveði í tvö ár frá gjalddaga.

## 13. gr.

*Ráðstöfun gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar með tilheyrandi lögnum, yfirborðsfrágangi gatna, stíga og opinna svæða eins og gert er ráð fyrir í skipulagi.

## 14. gr.

*Gjaldstofn og álagning gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald skal innheimta af fasteignum í þéttbýli í samræmi við gildandi aðal- og/eða deiliskipulag á hverjum tíma. Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýbygginga og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð. Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

- a. Þegar bæjarstjórn úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð skal leggja á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirra bygginga sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
- b. Verði gatnagerðargjald ekki lagt á skv. a-lið, t.d. ef land er í einkaeign, eða ef veitt er byggingarleyfi fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, skal við samþykkt/útgáfu byggingarleyfis leggja á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Gatnagerðargjald skal innheimt vegna stækkunar byggingar sem nemur fermetrafjölda stækkunar.

Gatnagerðargjald skal lagt á við samþykkt/útgáfu byggingarleyfis, ef reist er ný og stærri bygging í stað annarrar á sömu lóð, í samræmi við stækkunina í fermetrum. Gildir þessi regla um byggingar sem samþykkt er byggingarleyfi fyrir allt að fimm árum eftir að leyfi er gefið fyrir niðurrifi byggingar. Að öðrum kosti skal greiða fullt gatnagerðargjald. Ef hin nýja bygging er annarrar tegundar eða til annarrar notkunar en hið eldra húsnæði gilda ákvæði 16. gr. þessarar samþykktar er varða almenna lækkunarheimild.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun húsnæðis þannig að hún færist í hærri gjaldflokk, sbr. 15. gr., skal greiða gatnagerðargjald af fermetrafjölda viðkomandi húsnæðis sem svarar til mismunar hærri og lægri gjaldflokksins. Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færist í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

## 15. gr.

*Útreikningur gatnagerðargjalds.*

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundradshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í húsbyggingu eins og hann er hverju sinni í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Hundradshluti byggingarkostnaðar var í ágúst 2022 kr. 159,30 pr. fermetra. Gjald á fermetra er í heilum krónum og er eins og hér segir fyrir:

Einbýlishús	15,0%	40.509 kr. pr. m <sup>2</sup>
Rað-, par-, tvíbýlis- og keðjuhús	11,3%	30.517 kr. pr. m <sup>2</sup>
Fjölbýlishús, 5 íbúðir eða fleiri	6,9%	18.634 kr. pr. m <sup>2</sup>
Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta	9,5%	25.656 kr. pr. m <sup>2</sup>
Annað húsnæði	9,5%	25.656 kr. pr. m <sup>2</sup>

Flatarmál húsa, sem gatnagerðargjald er greitt af, er brúttó flatarmál viðkomandi húsbyggingar í lokunarflokknum A, að undanskildum svölum, sbr. ÍST 50.

Fjárhæðir gatnagerðargjalds breytast 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga um Hagstofu Íslands og opinbera skýrslugerð nr. 163/2007.

## 16. gr.

*Almenn lækkunarheimild.*

Gatnagerðargjald skal lækka af íbúðarhúsnæði þegar svo stendur á sem hér segir:

Af kjallararýmum íbúðarhúsa sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp skal greiða 25% af fermetragjaldi viðkomandi húss, enda sé húsrýmið gluggalaust og aðeins gengt í það innan frá.

Af sameiginlegum bifreiðageymslum fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar skal greiða 25% af fermetragjaldi þeirra húsa sem þær eiga að þjóna.

Af auknu flatarmáli íbúðarhúsa 15 ára og eldri skal ekki greiða gatnagerðargjald, enda nemi stækkunin ekki meiru en 30 m<sup>2</sup> fyrir hverja íbúð. Tilheyri stækkunin sameign fjöleignarhúss skal meta hana eins og ef um stækkun einnar íbúðar væri að ræða. Við ákvörðun gatnagerðargjalds samkvæmt þessum tölulíð skal meta í einu lagi þær stækkanir sem samþykktar hafa verið á sama húsi á næstu 5 árum á undan. Ákvæði þetta gildir einnig fyrir bílskúra, geymsluskúra og aðrar stakar byggingar á lóðum og svalaskýla íbúðarhúsa sem eru allt að 30 m<sup>2</sup> eða minni.

Af auknu flatarmáli íbúðarhúsa 5 ára og eldri skal ekki greiða byggingarréttargjald.

Verði breytingar á húsnæði eða notkun húsnæðis sem undanþágur samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda um, þannig að húsnæðið uppfyllir ekki lengur skilyrði til lækkunar gatnagerðargjalds, skal greiða gatnagerðargjald af því húsnæði samkvæmt gildandi gjaldskrá að teknu tilliti til þess sem áður hefur verið greitt vegna sama húsnæðis.

## 17. gr.

*Sérstök lækkunarheimild.*

Bæjarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gjöld vegna sérhæfðs félagslegs húsnæðis, svo sem sambýla fyrir fatlaða, þjónustuíbúða fyrir aldraða og félagslegs leiguhúsnæðis, enda sé slíkt húsnæði í eigu stofnana, félagasamtaka eða félaga sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Þinglýsa skal kvöð á umrætt húsnæði um að greiða skuli gatnagerðargjald af því, ef það fellur af einhverjum ástæðum ekki lengur undir þessi skilyrði.

## 18. gr.

*Gjalddagi og eindagi gatnagerðargjalds.*

Við innheimtu gatnagerðargjalds er 70% álagðs gatnagerðargjalds vegna hámarksbyggingarmagns á lóð, miðað við gildandi deiliskipulag skv. a-lið 14. gr., rukkað og skal það greitt við lóðarúthlutun, sölu lóðar eða byggingarréttar á lóð, sem er í eigu Kópavogsbæjar eða hann hefur ráðstöfunarrétt á. Það byggingarmagn sem samþykkt er umfram áður nefnd 70% af heildarbyggingarmagni á, miðað við gildandi deiliskipulag skv. a-lið 14. gr., skal greiðast við samþykkt byggingarleyfis.

Gatnagerðargjald sem lagt er á samkvæmt b-lið 14. gr. svo og vegna stækkunar bygginga og nýbygginga sem koma í stað eldri bygginga, skv. 3. og 4. mgr. sömu greinar, skal greiða við samþykkt byggingarleyfis.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

## 19. gr.

*Innheimta vangreidds gatnagerðargjalds og afturköllun lóðarúthlutunar.*

Gatnagerðargjald ber dráttarvexti samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

Gatnagerðargjald er aðfararhæft án undangengins dóms eða stjórnvaldsúrskurðar.

Ef lóðarhafi greiðir ekki gatnagerðargjald á þeim gjalddögum sem kveðið er á um í úthlutunar- eða byggingarskilmálum er Kópavogsbæ heimilt að afturkalla úthlutun.

Bæjarstjórn skal með 30 daga fyrirvara senda lóðarhafa með sannanlegum hætti viðvörun um hina fyrirhuguðu afturköllun áður en lóðarúthlutun er afturkölluð.

## 20. gr.

*Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

Kópavogsbær endurgreiðir gatnagerðargjald innan 30 daga ef lóðarúthlutun er afturkölluð eða ógilt eða lóð skilað. Sama gildir um gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á við samþykkt byggingarleyfis, skv. b-lið 2. mgr. og 3. og 4. mgr. 14. gr., en í þeim tilvikum skal endurgreiða gatnagerðargjaldið innan 30 daga frá því að byggingarleyfishafi krafist greiðslu sannanlega. Við greiðsludrátt reiknast dráttarvextir á fjárhæðina frá gjalddaga, samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

## III. KAFLI

**Gjald vegna skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis.**

## 21. gr.

Innheimta skal kostnað sem fellur til vegna vinnu við skipulagsmál eða útgáfu framkvæmdaleyfis. Gjaldskráin tekur til erinda sem koma til afgreiðslu hjá skipulagsráði og eftir atvikum á afgreiðslufundum skipulagsfulltrúa vegna útgáfu leyfa til framkvæmda, skjalagerðar, yfirlesturs gagna, auglýsinga, kynninga og allrar annarrar umsýslu og þjónustu sem skipulagsdeild Kópavogsbæjar veitir samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

## 22. gr.

Skipulagsdeild Kópavogsbæjar skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir hönd bæjarstjórnar Kópavogsbæjar.

## 23. gr.

*Skilgreiningar.*

*Afgreiðslugjald:* Gjald sem greitt er vegna móttöku og yfirferðar erinda vegna aðalskipulags-, deiliskipulagsbreytinga eða útgáfu framkvæmdaleyfis. Gjaldið er óafturkræft þó svo að erindinu sé hafnað eða það dregið til baka.

*Umsýslukostnaður:* Kostnaður Kópavogsbæjar vegna afgreiðslu erindis, kynningar, birtingar auglýsinga sem og annar kostnaður vegna umsýslu erindis.

## 24. gr.

*Almenn gjöld.*

Innheimta skal afgreiðslugjald vegna erindis um framkvæmdaleyfi, byggingarleyfi, deiliskipulag og aðalskipulag. Afgreiðslugjaldið skal ákveða fyrir hverja tegund erindis og skal taka mið af þeirri vinnu sem almennt felst í slíku erindi. Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða breytingar á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda innheimtir bæjarstjórn gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar.

Afgreiðslugjald	14.800 kr.
Gjald vegna vinnu skipulagsfulltrúa við gerð lýsingar skipulagsáætlunar og/eða yfirlesturs og yfirferðar á lýsingu sem og önnur umsýsla	213.000 kr.

## 25. gr.

*Aðalskipulag – breyting, skv. 1. og 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga.*

Afgreiðslugjald	14.800 kr.
Gerð breytingar- og kynningaruppráttar, skv. 1. mgr. 36. gr.	353.000 kr.
Kostnaður vegna óverulegra breytinga skv. 2. mgr. 36. gr.	221.000 kr.

Innheimta skal fyrir útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana skv. reikningi.

## 26. gr.

*Deiliskipulag – nýtt eða verulegar breytingar, skv. 1. mgr. 41. og 43. gr. skipulagslaga.*

Afgreiðslugjald	14.800 kr.
-----------------	------------

Gerð deiliskipulags- og kynningaruppráttar	353.000 kr.
Umsýslukostnaður vegna málsmeðferðar	278.000 kr.
Innheimta skal fyrir útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana skv. reikningi.	

## 27. gr.

*Deiliskipulag – óverulegar breytingar skv. 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.*

Afgreiðslugjald	14.800 kr.
Gerð deiliskipulags- og kynningaruppráttar	353.000 kr.
Umsýslukostnaður vegna málsmeðferðar skv. 2. mgr.	85.000 kr.
Umsýslukostnaður vegna málsmeðferðar skv. 3. mgr.	70.000 kr.
Innheimta skal fyrir útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana skv. reikningi.	

## 28. gr.

*Grenndarkynning á umsókn um byggingarleyfi, skv. 44. gr. skipulagslaga.*

Umsýslukostnaður vegna málsmeðferðar	85.000 kr.
--------------------------------------	------------

## 29. gr.

*Framkvæmdaleyfi.*

Afgreiðslugjald	14.800 kr.
Útgáfa framkvæmdaleyfis skv. 13. gr. skipulagslaga	92.000 kr.
Útgáfa framkvæmdaleyfis skv. 14. gr. skipulagslaga	216.000 kr.
Innheimta skal fyrir útlagðan kostnað vegna auglýsinga framkvæmdaleyfis skv. reikningi.	

## 30. gr.

*Gjalddagar og greiðslur.*

Afgreiðslugjald skv. þessum kafla fellur í gjalddaga við móttöku erindis og skal greitt áður en fjallað er um erindið.

Umsýslugjald vegna breytinga á aðalskipulagi eða deiliskipulagi skal greitt áður en tillagan er auglýst eða grenndarkynnt í kjölfar samþykktar hennar.

Gjald vegna framkvæmdaleyfis skal greitt við samþykkt framkvæmdaleyfisins.

## IV. KAFLI

**Samþykkt og gildistaka.**

## 31. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og 11. gr. reglugerðar um sama efni nr. 543/1996, 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

Samþykktin var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogsbæjar 22. nóvember 2022 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um gatnagerðargjald fyrir Kópavogsbæ nr. 322/2013 og gjaldskrá vegna breytinga á deiliskipulagi og vegna grenndarkynningar á byggingar- eða framkvæmdaleyfi hjá Kópavogsbæ, nr. 1216/2015.

*Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs, 22. nóvember 2022.*

**Ásdís Kristjánsdóttir** bæjarstjóri.